



# Slysatrygging íþróttamanna Hópvátrygging

## Vátryggingarskilmálar nr. SS55

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. SS55.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini ganga framar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

#### A. Almennir skilmálar

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Hugtakið slys
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Skyldur vátryggingartaka
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Framsal
9. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs
10. Fyrning

#### B. Slysatrygging

11. Bótasvið
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Eigin áhætta
14. Ákvörðun bóta

#### C. Sjúkrakostnaðartrygging erlendis (valkvætt)

15. Bótasvið
16. Vátryggingarfjárhæð
17. Eigin áhætta
18. Ákvörðun bóta
19. Tvítrygging

#### A Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

#### 1. Vátryggður

- 1.1 Íþróttaiðkendur sem tilkynntir hafa verið til félagsins og eru hluti af hópi þess íþróttafélags sem kemur fram í vátryggingarskírteini eru vátryggðir
- 1.2 Vátryggður getur ekki gert fyrirvara um þátttöku í vátryggingu þessari.

#### 2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir:

- 2.1 Við skipulagðar æfingar og keppni á vegum þess hóps íþróttafélagsins sem kemur fram á vátryggingarskírteini.
- 2.2 Á skipulögðum ferðalögum á vegum íþróttafélagsins til og frá æfinga- og keppnisstaða utan heimabæjar félagsins.
- 2.3 Í frítíma erlendis í skipulögðum æfinga- og keppnisferðum á vegum íþróttafélagsins.
- 2.3.1 Vátryggingin gildir ekki fyrir þann tíma sem vátryggður ákveður að framlengja dvöl sína erlendis fram yfir upphaflega ferðaáætlun félagsins.

#### 3. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

#### 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

#### 5. Skyldur vátryggingartaka

- 5.1 Vátryggingartaki skal halda nafna og kennitöluskrá yfir vátryggða íþróttaiðkendur sem falla undir vátrygginguna sem og senda inn og tilkynna breytingar til félagsins.



5.2 Vátryggingartaki skal sjá til þess án ástæðulauss dráttar að vátryggðir og forsjármenn vátryggðra barna fái afrit af vátryggingarskírteini, skilmálum þessum og sameiginlegum skilmálum félagsins.

5.3 Vátryggingartaki skal senda vátryggðum og forsjármönnum vátryggðra barna sem falla undir vátrygginguna skriflega tilkynningu um brottfall vátryggingar um leið og vátryggður fellur ekki lengur undir vátryggingaverndina.

## 6. Greiðsla iðgjalds

6.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist. Iðgjaldið skal greitt af vátryggingartaka.

6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. og 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vá-tryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggingar-taki hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

## 8. Framsal

Vátryggður eða forsjármaður hans má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

## 9. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs

9.1 Ábyrgð félagsins gagnvart vátryggðum hefst þegar vátryggingartaki hefur tilkynnt hann til félagsins.

9.2 Ef vátryggingunni er sagt upp, eða hún fellur úr gildi vegna vanskila vátryggingartaka, fellur hún úr gildi gagnvart vátryggðum einum mánuði eftir að félagið sendi tilkynningu til vátryggðs um brottfall hennar.

## 10. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð.

## B Slysatrygging

### 11. Bótasvið

11.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, ef það leiðir til:

11.1.1 Andláts.

11.1.2 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

11.1.3 Tímabundins missis starfsorku.

11.1.4 Tannbrots.

11.2. Félagið greiðir einnig innlendan slysakostnað fyrir 15 ára og yngri vegna slyssins. Slysakostnaður er eingöngu greiddur að því marki sem hann fæst ekki greiddur hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

11.3 Við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki, nema annað komi fram í vátryggingarskírteini.

11.4 Í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

11.5 Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

11.6 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.

11.7 Af völdum matar- eða drykkjareitunar.

11.8 Af völdum sýkingar vegna skordýrabis eða stungu.

11.9 Beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lómunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.

11.10 Af völdum eittraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.

11.11 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.



## 12. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1 Hámarksfjárhæðir vegna dánarbóta, örorkubóta, dagpeninga og innlends slysakostnaðar koma fram í vátryggingarskírteini.
- 12.2 Bætur reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi eins og hér segir:
- 12.2.1 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til dánardags.
- 12.2.2 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölu-binding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 12.2.3 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi meðan starfsorkumissir varir.

## 13. Eigin áhætta

Eigin áhætta vátryggðs í innlendum slysakostnaði í hverju einstöku tjóni kemur fram í vátryggingarskírteini.

## 14. Ákvörðun bóta

- 14.1 Dánarbætur
- 14.1.1 Látist vátryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdegi greiðast dánarbætur á grundvelli þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi að frádregnum bótum sem félagið kann að hafa greitt vátryggðum fyrir varanlega örorku vegna sama slyss.
- 14.1.2 Ef vátryggður deyr af völdum slyss, þegar meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast örorkubætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, þó aldrei hærrí fjárhæð en dánarbætur mundu hafa verið.
- 14.1.3 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti vátryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.
- 14.1.4 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.
- 14.1.5 Dánarbætur greiðast maka vátryggðs. Sé maki ekki til staðar greiðast þær til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- 14.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

14.2.1 Valdi slys vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.

14.2.2 Örorkuna skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slys sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand vátryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum.

14.2.3 Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við grunnvátryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-75% verkar þrefalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar fjórfalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 250% af grunnvátryggingarfjárhæð.

14.2.4 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímur eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.

14.2.5 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

14.2.6 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.

14.2.7 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og vátryggður eða forsjármaður hans koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.

14.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku

14.3.1 Valdi slys vátryggðum tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem vátryggður er óvinnufær að mati læknis, eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram



á váttryggingar-skírteini og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá slysdegi.

14.3.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt váttryggingarskírteini á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

14.3.3 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

14.3.4 Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

14.4 Bætur vegna tannbrots

14.4.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.

14.4.2 Greiðsla félagsins takmarkast við 5% af grunnváttryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á váttryggingartímabilinu við 15% af sömu fjárhæð.

14.4.3 Félagið bætir þó ekki tennur sem brotna þegar váttryggður matast.

14.5 Bætur vegna innlends slysakostnaðar

14.5. Innlendur slysakostnaður greiðist eingöngu gegn framvísun frumrits af reikningi.

14.6. Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

14.7 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða váttryggðan.

14.8 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans eða forsjármanns hans.

## C. Sjúkrakostnaðartrygging erlendis (valkvætt)

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í váttryggingarskírteini.

### 15. Bótasvið

Ef váttryggður slasast, veikist eða deyr erlendis bætir váttryggingin:

15.1 Sjúkrakostnað.

15.1.1 Sjúkrahúsvist erlendis ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Vistin og meðferðin skulu vera

fyrirskipuð af lækni og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.

15.1.2 Læknishjálpi og lyfi að læknisráði.

15.1.3 Kvalastillandi tannviðgerðir í neyðartilvikum. Hámark bóta vegna tannviðgerða er 1% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.

15.2 Aukinn kostnað.

15.2.1 Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar þegar læknir álitur að meðferð geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst t.d. kostnaður vegna hjúkrunar og sjúkrafæðis. Hámarksbætur á sólarhring vegna þessa kostnaðar eru 0,4% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.

15.2.2 Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkravistar váttryggðs að læknisráði, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns telji læknirinn slíks þörf.

15.2.3 Aukakostnað náins ættingja ef hann er með í för eða er kvaddur til dvalarstaðar váttryggðs með samþykki ráðgefandi læknis félagsins þegar váttryggður slasast, veikist alvarlega eða deyr á ferð sinni. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 4% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.

15.3 Sjúkraflutning.

Telji læknir sá sem annast hefur váttryggða vegna veikinda eða slyss á ferðalagi að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg og geti orðið með venjulegum hætti nægir félaginu skrifleg staðfesting læknisins. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti eða dýrara farrými. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða að læknirinn telur að flytja verði váttryggða heim með öðrum hætti þarf skriflega staðfestingu ráðgefandi læknis félagsins á flutningnum.

15.4 Flutningur á látnum.

Látist váttryggður erlendis greiðir félagið kostnað við flutning hins látna til Íslands svo og aukakostnað samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

15.5 Langvinnra sjúkdóma eða slysa sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum.

15.6 Áframhaldandi læknismeðferðar ef váttryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir ráð lækni sem hefur stundað hann og ráðgefandi læknis félagsins.



- 15.7 Læknismeðferðar erlendis lengur en í þrjá mánuði.
- 15.8 Lyfja án læknisráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, snertisjónglerja, heyrnartækja og annarra sambærilegra tækja.
- 15.9 Slysa sem verða við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, sviðflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki, nema annað komi fram í váttryggingarskírteini .
- 15.10 Slysa sem verða í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- 15.11 Slysa sem verða í handalögmálum eða við þátttöku i refsiverðum verknaði.
- 15.12 Slysa eða sjúkdóma af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfja-notkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
- 15.13 Sýkingar af völdum skordýrabits eða stungu.
- 15.14 Slysa sem verða beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lömunar, bæklnar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklnar.
- 15.15 Slysa eða sjúkdóma af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.
- 15.16 Slysa eða sjúkdóma sem verða beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 15.17 Sjúkdóms sem stafar af neyslu áfengis eða fíkniefna.
- 15.18 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.
- 15.19 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða váttryggðan.
- 15.20 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.
- 16. Váttryggingarfjárhæð**
- Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini.
- 17. Eigin áhætta**
- Eigin áhætta váttryggðs í hverju einstöku tjóni kemur fram í váttryggingarskírteini.
- 18. Ákvörðun bóta**
- 18.1 Félagið greiðir bætur samkvæmt frumriti reiknings.
- 18.2. Váttryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð.
- 18.3 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.
- 19. Tvíttrygging**
- 19.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 19.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 19.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.
- Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. maí 2008